

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2021
Tilvísun: 2020123103/SBM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 17. desember 2020 um umsögn um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (þskj. 442, 365. mál á 151. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er kveðið á um nýja stjórnáætlun, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Stofnunin mun fara með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli laga um barnavernd, laga um Barna- og fjölskyldustofu, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um málefni aldraðra, laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Með frumvarpinu eru Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veittar víðtækar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga en eitt af verkefnum stofnunarinnar er að safna upplýsingum, bæði persónuupplýsingum og ópersónugreinanlegum upplýsingum, halda skrár og vinna úr upplýsingum frá þeim sem lúta eftirliti stofnunarinnar.

Þann 6. október 2020 óskaði félagmálaráðuneytið eftir umsögn Persónuverndar um drög að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Persónuvernd veitti umsögn, dags. 13. nóvember s.á., og fylgir hún hjálögð. Í umsögninni voru gerðar athugasemdir við frumvarpsdrögin en við þeim hefur nú verið brugðist að hluta. Í þeirri umsögn sem nú er veitt eru ítrekaðar þær athugasemdir sem Persónuvernd telur að ekki hafi verið brugðist við.

1.

Í d-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála segir að eitt verkefna stofnunarinnar sé móttaka og úrvinnsla kvartana frá notendum þjónustu.

Að mati Persónuverndar er ekki nægilega skýrt hvers konar kvartanir þar er átt við. Telur Persónuvernd því rétt að orðalag ákvæðisins endurspegli það betur. Er slíkt jafnframt til þess fallið að skýra betur valdmörk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og annarra eftirlitsstofnana.



2.

Í 13. gr. frumvarpsins segir að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála taki við ábendingum um að þjónusta sem lúti eftirliti stofnunarinnar sé ekki í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga. Sambærilegt orðalag má jafnframt finna í 16., 19. og 20. gr. frumvarpsins, og eftir atvikum víðar, þar sem vísað er til ákvæða laga, reglugerða, reglna o.fl.

Persónuvernd telur að skýra þurfi betur til hvaða laga og reglugerða tilvísanir framangreindra ákvæða taki til. Er slíkt jafnframt til þess fallið að skýra betur valdmörk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og annarra eftirlitsstofnana.

3.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um rannsókn, upplýsingaskyldu og vettvangsathuganir vegna frumkvæðiseftirlits. Segir þar meðal annars að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála geti framkvæmt vettvangsathuganir á heimilum, og að stofnuninni sé heimilt að framkvæma óboðaðar vettvangsathuganir. Þá kemur fram að við framkvæmd vettvangsathugana beri stofnuninni að gæta að friðhelgi einkalífs þeirra sem búi eða dvelji á heimilum og stofnunum sem athuganir lúti að. Sá sem veiti eftirlitsskylda þjónustu skuli veita stofnuninni frjálstan aðgang að öllum starfsstöðvum sínum. Hann skuli jafnframt veita stofnuninni heimild til að afla milliliðalaust upplýsinga frá notendum þjónustunnar, aðstandendum og starfsfólki.

Persónuvernd gerir alvarlegar athugasemdir við framsetningu ákvæðisins. Leggur stofnunin áherslu á að heimild stjórnvalds til að framkvæma óboðaða vettvangsathugun á heimilum getur falið í sér víðtækt inngríp í stjórnarskrárvarinn rétt til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu þeirra sem þar búa. Á það jafnt við þótt vettvangsheimsóknum fylgi ekki ávallt umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að huga vel að því við lagasetningu, sem felur í sér skerðingu þessara réttinda, að skilyrði 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, einkum hvað varðar kröfu ákvæðisins um að brýna nauðsyn beri til slíks vegna réttinda annarra. Af því frumvarpi sem hér er til umsagnar er ekki ljóst að hugað hafi verið nægilega að framangreindum grundvallarreglum. Til þess að unnt sé að skerða þessi grundvallarmannréttindi telur Persónuvernd að huga þurfi betur að því að orðalag ákvæðisins uppfylli framangreind skilyrði. Þá hefði að mati Persónuverndar þurft að gera umfjöllun um framangreint ítarlegri skil í greinargerð með frumvarpsdrögunum. Er sú athugasemd hér ítrekuð, þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á skýringum við ákvæðið í millitíðinni.

4.

Í 22. gr. frumvarpsins er fjallað um víðtækar heimildir Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, og þeirra sem lúta eftirliti stofnunarinnar, til vinnslu persónuupplýsinga. Gert er ráð fyrir vinnslu og miðlun til og frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem og milli þeirra sem lúta eftirliti stofnunarinnar í þágu markmiða laganna. Jafnframt er Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitt heimild til að miðla persónuupplýsingum að því marki sem stofnunin telur nauðsynlegt til að stuðla að því að önnur eftirlitsstjórnvöld geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Sömu eftirlitsyfírvöld hafa samkvæmt ákvæðinu heimild til að miðla persónuupplýsingum til Gæða- og eftirlitsstofnunar



velferðarmála að því marki sem þau telja nauðsynlegt til að stuðla að því að stofnunin geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögnum.

Af framangreindu má ráða að með ákvæðinu eru Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og þeim sem lúta eftirliti stofnunarinnar veittar viðamiklar vinnsluheimildir til að tryggja virkt eftirlit með gæðum þjónustu.

Með umsagnarbeiðni félagsmálaráðuneytisins til Persónuverndar um frumvarpsdrögin þann 6. október 2020 fylgdi mat á áhrifum frumvarpsins á persónuvernd. Í matinu segir varðandi viðtakendur og varðveislu gagna að þeir sem taki við persónuupplýsingum séu Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Barna- og fjölskyldustofa, Greiningar- og ráðgjafarstöð, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sveitarfélög, umsækjendur um rekstrarleyfi og rekstrarleyfishafar, félagsmálaráðuneyti, Embætti landlæknis og notendaráð sveitarfélaga. Þarna sé í fyrsta lagi um að ræða stjórnvöld sem bundin séu af reglum opinbers réttar um starfsemi sína. Í öðru lagi sé um að ræða einkaaðila sem fari með verkefni samkvæmt lögum á grundvelli samnings eða annars konar samkomulags við stjórnvöld. Þá segir að þegar stjórnvald framselji vald sitt til að framkvæma opinbert verkefni til einkaaðila sé gert ráð fyrir að í samningi séu gerðar kröfur til þessara einkaaðila, t.d. um varðveislu gagna. Í þriðja lagi sé um að ræða notendaráð sveitarfélaga eða aðra umsagnaraðila um rekstrarleyfi. Segir að engar skýrar reglur gildi um starfsemi þessara umsagnaraðila.

Í matinu segir að stjórnvöld þau sem vísað er til hér að framan séu afhendingarskyldir aðilar, sbr. lög um opinber skjalasöfn, og þeim beri því að haga skjalastjórn og skjalavörslu í samræmi við þau. Einkaaðilar sem vinni persónuupplýsingar á grundvelli frumvarpsins eigi það sameiginlegt að veita þjónustu sem mælt sé fyrir um í lögum á grundvelli samnings eða annars konar samkomulags við stjórnvöld. Þeim sem fari með ábyrgð á samnings- eða samkomulagsgerð beri að tryggja að meðferð gagna sé í samræmi við reglur, annaðhvort þannig að upplýsingum sé eytt eða þær varðveittar sem hluti af skjalasöfnum stjórnvaldanna.

Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um það í verklagsreglum eða öðrum fyrirmælum þeirra stjórnvalda sem standa að samningsgerð við viðkomandi einkaaðila hvornig haga skuli vinnslu persónuupplýsinga hjá þeim, m.a. hvað varðar varðveislu, eyðingu og öryggi persónuupplýsinga.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að við alla vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt tryggt að vinnslan sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679.

5.

Í fyrrgreindu mati á áhrifum frumvarpsins á persónuvernd er því lýst að horft sé til þess að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nýti gagnagrunna og stafrænar lausnir með Barna- og fjölskyldustofu, enda séu það sömu aðilar sem njóti stuðnings og ráðgjafar Barna- og fjölskyldustofu og eftirlits Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Í matinu kemur jafnframt fram að tæknilausnir þær sem vinnslu persónuupplýsinga muni fara fram í liggi ekki fyrir og því sé ekki unnt að framkvæma fullt mat á ýmsum atriðum.



Þrátt fyrir að gildistökuákvæði frumvarpsins hafi nú verið breytt frá því Persónuvernd fékk frumvarpsdrögin fyrst til umsagnar og aðlögunartími fram að gildistöku lengdur vekur stofnunin athygli á því að verði lög sett á grundvelli frumvarpsins er mjög brýnt að tryggt verði að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði með fullnægjandi hætti og að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679, sbr. einkum 27. gr. laganna og 32.-34. gr. reglugerðarinnar. **Nauðsynlegt er að öryggið sé tryggt frá fyrsta degi, þ.e. frá gildistöku laganna.** Er í því sambandi meðal annars til þess að líta að um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem í mörgum tilvikum geta talist mjög viðkvæmar, auk þess sem þær varða börn, en persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679. Sameiginlegar reglur um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Barna- og fjölskyldustofu gætu nýst í þeirri vinnu en jafnframt er mikilvægt að notast verði við öruggar tæknilausnir við vinnsluna.

Í þessu sambandi vill Persónuvernd benda á mikilvægi þess að tryggt sé að aðlögunartími fram að gildistöku laganna sé nægjanlegur þannig að hæfilegt svigrúm gefist til að útfæra öruggar stafrænar lausnir fyrir gildistöku. Þá minnir Persónuvernd á mikilvægi þess að við útfærslu gagnagrunna og stafrænna lausna verði hugað vel að áhættumati og öryggisprófunum og að mat á áhrifum á persónuvernd verði uppfært. Sérstaklega er mikilvægt að huga að og skilgreina hvernig aðgangsstýringu að fyrrgreindum gagnagrunnum og stafrænum lausnum verði háttað. Er þar meðal annars til þess að líta að fyrirhugað er að gagnagrunnarnir verði nýttir af tveimur stofnunum og huga þarf sérstaklega að aðgangsstýringu hvorrar stofnunar fyrir sig.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu, en verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Steinunn Birna Magnúsdóttir



Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2020
Tilvísun: 2020102530/SBM

Efni: Umsögn Persónuverndar um drög að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Persónuvernd vísar til beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. október 2020, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um drög að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Í drögum að frumvarpinu er kveðið á um nýja stjórnýslustofnun, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Stofnunin fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli laga um barnavernd, laga um Barna- og fjölskyldustofu, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um málefni aldraðra, laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Með frumvarpinu eru Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veittar víðtækar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga en eitt af verkefnum stofnunarinnar er að safna upplýsingum, halda skrár og vinna úr upplýsingum frá þeim sem lúta eftirliti stofnunarinnar.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í d-lið 2. mgr. 3. gr. draganna sem fjallar um verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála segir að eitt verkefna stofnunarinnar sé móttaka og úrvinnsla kvartana frá notendum þjónustu.

Að mati Persónuverndar er ekki nægilega skýrt hvers konar kvartanir er þar átt við. Telur Persónuvernd því rétt að orðalag ákvæðisins endurspegli það betur. Er slíkt jafnframt til þess fallið að skýra betur valdmörk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og annarra eftirlitsstofnana.

2.

Í 1. mgr. 4. gr. draganna segir að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála skuli birta eftirlitsskýrslur eða úrdrætti eftir því sem unnt er. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð segir að ákvæðið feli ekki í sér heimild til opinberrar birtingar persónuupplýsinga.

Að mati Persónuverndar færi betur á því að í stað þess að framangreint komi einungis fram í greinargerð verði þetta fært með einhverjum hætti inn í lagatextann.



3.

Í 13. gr. draganna segir að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála taki við ábendingum um að þjónusta sem lúti eftirliti stofnunarinnar sé ekki í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga. Sambærilegt orðalag má jafnframt finna í 16., 19. og 20. gr. draganna, og eftir atvikum víðar, þar sem vísað er til ákvæða laga, reglugerða, reglna o.fl.

Persónuvernd telur að skýra þurfi betur til hvaða laga og reglugerða tilvísanir framangreindra ákvæða taki til. Er slíkt jafnframt til þess fallið að skýra betur valdmörk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og annarra eftirlitsstofnana.

4.

Í 15. gr. draganna er fjallað um rannsókn, upplýsingaskyldu og vettvangsathuganir vegna frumkvæðiseftirlits. Segir þar meðal annars að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála geti framkvæmd vettvangsathuganir á heimilum, og að stofnuninni sé heimilt að framkvæma óboðaðar vettvangsathuganir. Þá kemur fram að við framkvæmd vettvangsathugana beri stofnuninni að gæta að friðhelgi einkalífs þeirra sem búi eða dvelji á heimilum og stofnunum sem athuganir lúti að. Sá sem veiti eftirlitsskylda þjónustu skuli veita stofnuninni frjálstan aðgang að öllum starfsstöðvum sínum. Hann skuli jafnframt veita stofnuninni heimild til að afla milliliðalaust upplýsinga frá notendum þjónustunnar, aðstandendum og starfsfólki.

Persónuvernd leggur áherslu á að heimild stjórnvalds til að framkvæma óboðaða vettvangsathugun á heimilum getur falið í sér víðtækt inngríp í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu þeirra sem þar búa. Á það jafnt við þótt vettvangsheimsóknum fylgi ekki ávallt umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að huga vel að því við undirbúning lagasetningar, sem felur í sér skerðingu þessara réttinda, að skilyrði 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, einkum hvað varðar kröfu ákvæðisins um að brýna nauðsyn beri til þess vegna réttinda annarra. Þá væri að mati Persónuverndar gagnlegt að umfjöllun um framangreint væri að finna í greinargerð með frumvarpsdrögunum.

5.

Persónuvernd vekur athygli á að svo virðist sem niðurlag vanti í 1. málslið 2. mgr. 18. gr. draganna sem orðast svo:

„Ef áminning er veitt rekstrarleyfishafa skal stofnunin eftir atvikum gera því stjórnvaldi, sem gert hefur samning um þjónustu rekstrarleyfishafa.“

6.

Í 22. gr. draganna er fjallað um víðtækar heimildir Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, og þeirra sem lúta eftirliti stofnunarinnar, til vinnslu persónuupplýsinga. Gert er ráð fyrir vinnslu og miðlun til og frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem og milli þeirra sem lúta eftirliti stofnunarinnar í þágu markmiða laganna. Jafnframt er Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitt heimild til að miðla persónuupplýsingum að því marki sem stofnunin telur nauðsynlegt til að stuðla að því að önnur eftirlitsstjórnvöld geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Sömu eftirlitsyfirvöld hafa samkvæmt



ákvæðinu heimild til að miðla persónuupplýsingum til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að því marki sem þau telja nauðsynlegt til að stuðla að því að stofnunin geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum.

Af framangreindu má ráða að með ákvæðinu eru Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og þeim sem lúta eftirliti stofnunarinnar veittar viðamiklar vinnsluheimildir til að tryggja virkt eftirlit með gæðum þjónustu.

Í mati á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum segir, varðandi viðtakendur og varðveislu gagna, að þeir sem taki við persónuupplýsingum séu Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Barna- og fjölskyldustofa, Greiningar- og ráðgjafarstöð, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sveitarfélög, umsækjendur um rekstrarleyfi og rekstrarleyfishafar, félagsmálaráðuneyti, Embætti landlæknis og notendaráð sveitarfélaga. Þarna sé í fyrsta lagi um að ræða stjórnvöld sem bundin séu af reglum opinbers réttar um starfsemi sína. Í öðru lagi sé um að ræða einkaaðila sem fari með verkefni samkvæmt lögum á grundvelli samnings eða annars konar samkomulags við stjórnvöld. Þá segir að þegar stjórnvald framselji vald sitt til að framkvæma opinbert verkefni til einkaaðila sé gert ráð fyrir að í samningi séu gerðar kröfur til þessara einkaaðila, t.d. um varðveislu gagna. Í þriðja lagi sé um að ræða notendaráð sveitarfélaga eða aðra umsagnaraðila um rekstrarleyfi. Segir að engar skýrar reglur gildi um starfsemi þessara umsagnaraðila.

Í matinu segir að stjórnvöld þau sem vísað er til hér að framan séu afhendingarskyldir aðilar, sbr. lög um opinber skjalasöfn, og þeim beri því að haga skjalastjórn og skjalavörslu í samræmi við þau. Einkaaðilar sem vinni persónuupplýsingar á grundvelli frumvarpsins eigi það sameiginlegt að veita þjónustu sem mælt sé fyrir um í lögum á grundvelli samnings eða annars konar samkomulags við stjórnvöld. Þeim sem fari með ábyrgð á samnings- eða samkomulagsgerð beri að tryggja að meðferð gagna sé í samræmi við reglur, annaðhvort þannig að upplýsingum sé eytt eða þær varðveittar sem hluti af skjalasöfnum stjórnvaldanna.

Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um það í verklagsreglum eða öðrum fyrirmælum þeirra stjórnvalda sem standa að samningsgerð við viðkomandi einkaaðila hvernig haga skuli vinnslu persónuupplýsinga hjá þeim, m.a. hvað varðar varðveislu, eyðingu og öryggi persónuupplýsinga.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að við alla vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt tryggt að vinnslan sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679.

7.

Í 22. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga. Segir þar:

„Heimildin tekur til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga, svo og upplýsingar [sic] um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi, að því marki sem það er talið nauðsynlegt svo stofnunin geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum.“

Í 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eru viðkvæmar persónuupplýsingar skilgreindar með tæmandi talningu. Upplýsingar um heilsufar eru taldar til



viðkvæmra persónuupplýsinga en upplýsingar um fjölskylduhagi, félagslegan vanda og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi falla ekki undir skilgreininguna. Að mati Persónuverndar er fyrrgreind 22. gr. draganna villandi hvað varðar viðkvæmar persónuupplýsingar. Telur Persónuvernd að betur færi á því að fjalla annars vegar um viðkvæmar persónuupplýsingar og hins vegar um upplýsingar sem talist geti viðkvæms edlis.

Persónuvernd leggur því til eftirfarandi breytingu á 2. málslíð 1. mgr. 22. gr. draganna:

„Heimildin tekur til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, svo sem upplýsinga um heilsufar, og upplýsinga sem talist geta viðkvæms edlis, svo sem upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga og upplýsinga um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.“

Auk þess eru lagðar til eftirfarandi orðalagsbreytingar á þremur málslíðum 22. gr.:

Í 4. málslíð 1. mgr. 22. gr. segir:

„Þá er miðlun persónuupplýsinga milli stofnunarinnar og þeirra sem lúta eftirliti hennar heimil ef hún er nauðsynleg fyrir verkefni stofnunarinnar eða eftirlitsskyldra aðila.“

Persónuvernd leggur til að málslíðurinn orðist svo:

„Þá er miðlun persónuupplýsinga milli stofnunarinnar og þeirra sem lúta eftirliti hennar heimil ef hún er nauðsynleg í þágu lögbundinna verkefna stofnunarinnar eða eftirlitsskyldra aðila.“

Í 1. málslíð 2. mgr. 22. gr. segir:

„Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er jafnframt heimilt að miðla persónuupplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, upplýsingum um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi, að því marki sem hún telur nauðsynlegt til að stuðla að því að önnur eftirlitsstjórnvöld geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum.“

Persónuvernd leggur til að málslíðurinn orðist svo:

„Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er jafnframt heimilt að miðla persónuupplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, upplýsingum um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi, að því marki sem það er nauðsynlegt til að önnur eftirlitsstjórnvöld geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum.“

Í 3. málslíð 2. mgr. 22. gr. segir:

„Í sama tilgangi er þessum eftirlitsstjórnvöldum heimilt að miðla persónuupplýsingum til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að því marki sem þau telja nauðsynlegt til að stuðla að því að stofnunin geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum.“

Persónuvernd leggur til að málslíðurinn orðist svo:

„Í sama tilgangi er þessum eftirlitsstjórnvöldum heimilt að miðla persónuupplýsingum til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að því marki sem það er nauðsynlegt til að stofnunin geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum.“

Að lokum leggur Persónuvernd til að vísað verði með skýrum hætti til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í ákvæði 22. gr. draganna sem fjallar um vinnslu persónuupplýsinga. Er því lagt til að bætti verði nýrri málsgrein við 22. gr. draganna sem orðist svo:

:



„Um vinnslu persónuupplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“

8.

Í mati á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum er því lýst að horft sé til þess að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nýti gagnagrunna og stafrænar lausnir með Barna- og fjölskyldustofu, enda séu það sömu aðilar sem njóti stuðnings og ráðgjafar Barna- og fjölskyldustofu og eftirlits Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Í matinu kemur jafnframt fram að tæknilausnir þær sem vinnsla persónuupplýsinga muni fara fram í liggi ekki fyrir og því sé ekki unnt að framkvæma fullt mat á ýmsum atriðum.

Persónuvernd vekur athygli á því að verði lög sett á grundvelli frumvarpsdraganna er mjög brýnt að tryggt verði að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði með fullnægjandi hætti og að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679, sbr. einkum 27. gr. laganna og 32.-34. gr. reglugerðarinnar. Er í því sambandi meðal annars til þess að líta að um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem í mörgum tilvikum geta talist mjög viðkvæmar, auk þess sem þær varða börn, en persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679. Sameiginlegar reglur um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Barna- og fjölskyldustofu gætu nýst í þeirri vinnu.

Að auki vill Persónuvernd benda á að haga ætti gildistöku þannig að hæfilegt svigrúm gæfist til að útfæra öruggar stafrænar lausnir fyrir gildistöku. Þá minnir Persónuvernd á mikilvægi þess að við útfærslu gagnagrunns/gagnagrunna og stafrænna lausna verði hugað vel að áhættumati og öryggisprófunum og að mat á áhrifum á persónuvernd verði uppfært. Sérstaklega mikilvægt er að huga að og skilgreina með hvaða hætti aðgangsstýringu að fyrrgreindum gagnagrunni/gagnagrunnum og stafrænum lausnum yrði háttað. Er þar meðal annars til þess að líta að gagnagrunnurinn/gagnagrunnarnir verði nýttir af tveimur stofnunum og huga þarf sérstaklega að aðgangsstýringu hvorrar stofnunar fyrir sig.

9.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum er í lið 6 fjallað um mat á áhrifum. Hins vegar er þar eingöngu um að ræða mat á fjárhagslegum áhrifum. Þrátt fyrir að gert hafi verið sérstakt mat á áhrifum á persónuvernd sem fylgdi frumvarpsdrögum er ekki að finna sérstaka umfjöllun um það í greinargerðinni. Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að bæta efnislegri umfjöllun um fyrrgreint mat á áhrifum á persónuvernd og niðurstöður þess inn í greinargerðina.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni draganna að svo stöddu, en verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt. Þá áskilur Persónuvernd sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri við frumvarpsdrögin á síðari stigum.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Vörhallsdóttir
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Steinunn B. Magnúsdóttir
Steinunn Birna Magnúsdóttir